

**Þjónustusamningur**  
**mennta- og menningarmálaráðuneytis**  
**við IÐUNA-fræðslusetur ehf.**  
**um ráðstöfun framlags í fjárlögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og IÐUNA-fræðslusetur ehf., kt. 551203-2980, í samningi þessum nefnt verksali, gera með sér samning þennan á grundvelli 5. mgr. 28. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með áorðnum breytingum.

**1. gr.**

**Markmið og starfsemi**

1.1. Markmið sammingsins er að tryggja vandaða umgjörð vinnustaðanáms og sveinsprófa, veita nemendum, fyrirtækjum og nefndum ráðuneytisins viðeigandi þjónustu og að skapa skilyrði fyrir skýru verklagi við framkvæmd starfsnáms.

1.2. Starfsemi

IÐUNA-fræðslusetur ehf. (IÐUNA) annast eftirfarandi verkefni nr. 1.2.1- 1.2.3 vegna náms í bíliðngreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, hönnunar- og handverksgreinum, matvæla- og veitingagreinum, málm- og véltæknigreinum, snyrtigreinum og upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Verkefni nr. 1.2.4 snýr að öllum iðngreinum öðrum en rafiðngreinum.

1.2.1 **Umsýsla sveinsprófa**, sbr. 19. gr. reglugerðar 698/2009 um sveinspróf.

IÐUNA hefur samráð við hlutaðeigandi sveinsprófsnefnd og starfsgreinaráð um verkefnið og fylgir eftir reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf og reglum sem ráðuneytið setur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófa í einstökum iðngreinum.

Helstu verkþættir:

- a. Kynna skipulag og framkvæmd sveinsprófa fyrir fulltrúum atvinnulífs, skóla, kennara og nemenda.
- b. Viðhalda prófabanka vegna sveinsprófa í þeim greinum sem félagið annast. Prófabankinn er í eigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- c. Auglýsa sveinspróf í þeim greinum sem félagið annast, innrita í þau, fara yfir umsóknir og ganga úr skugga um að umsækjendur uppfylli þau skilyrði sem ráðuneytið setur.
- d. Leiðbeina próftökum um leiðir til að fá úrlausn mála uni þeir ekki niðurstöðum sveinsprófsnefnda sbr. 15. gr. reglugerðar um sveinspróf nr. 698/2009.
- e. Útvega aðstöðu til próftöku.
- f. Aðstoða sveinsprófsnefndir við störf sín, sjá þeim fyrir skrifstofu- og fundaaðstöðu og öðru sem þær þurfa til að geta sinnt störfum sínum.



**1.2.2 Umsýsla, skráning og eftirlit með samningum um vinnustaðanám** skv. 28. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Helstu verkþættir:

- a. Leiðbeina um gerð samninga.
- b. Gerð, skráning, eftirlit og staðfesting samninga. Upplýsingar úr nemaskrá eru sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hagstofu Íslands á tölvutæku formi, þar sem fram kemur nafn iðnnema, nafn meistara og fyrirtækis, gildistími samnings og áætluð námslok. Nemaskráin er eign ráðuneytisins.
- c. Veita hlutaðeigandi upplýsingar um framkvæmd samninganna, þ.m.t. um réttindi og skyldur samningsaðila.
- d. Miðla upplýsingum um starfsþjálfunarpláss til iðnnema og til fyrirtækja.
- e. Aðstoða við lausn ágreiningsmála er upp kunna að koma milli samningsaðila ef ekki næst samkomulag um lausn, skrá samningsslit ef þau reynast óhjákvæmileg og skrá ástæður samningsslitanna sé námssamningi slitið eftir þriggja mánaða reynslutíma, sbr. gildandi reglugerð um vinnustaðanám.
- f. Fylgjast með því að nemar á námssamningi sem lokið hafa tilskildu námi í skóla og starfsþjálfun í atvinnulífi skili sér til sveinsprófs.
- g. Aðstoða nemaleyfisnefndir við störf sín, sjá þeim fyrir skrifstofu- og fundaaðstöðu, sbr. erindisbréf nemaleyfisnefnda sem birt er á vef ráðuneytisins.

**1.2.3 Framkvæmd annarra lokaprófa** m.a. fagprófa í iðngreinum sbr. 19. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla eftir því sem mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveður.

Helstu verkþættir:

- a. Kynna skipulag og framkvæmd prófa fyrir fulltrúum atvinnulífs og skóla, kennara og nemenda.
- b. Auglýsa próf, innrita í þau, fara yfir umsóknir og ganga úr skugga um að umsækjendur uppfylli skilyrði.
- c. Útvega aðstöðu til próftöku.
- d. Aðstoða prófnefndir við störf sín, sjá þeim fyrir skrifstofu- og fundaaðstöðu og öðru sem þær þurfa til að geta sinnt störfum sínum.

**1.2.4 Undirbúningur umsókna um mat og viðurkenningu á erlendri iðnmenntun** skv. 9. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, sbr. reglugerð nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi.

Helstu verkþættir:

1. Liðsinna umsækjendum við að undirbúa umsókn, sbr. 4. gr. tilvitnaðrar reglugerðar. Veita með almennum hætti og eftir því sem umsækjendur óska upplýsingar um lög, reglur, málsmeðferð og gögn sem eru lögð til grundvallar mati á námi og um tilhögun matsins. Leiðbeina umsækjendum um samskipti við stjórnvöld, svo sem ráðuneytið, sýslumann og Mannvirkjastofnun.
2. Gefa ráðuneytinu umsögn fræðsluaðila um umsóknir, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.



## 2. gr.

### Forsendur sannings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ríkisins til sannings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna sanningsins við fjármálaráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að áfram verði veitt framlag til sanningsins enda standi IÐAN við skuldbindingar sínar.
- 2.3. IÐAN starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

## 3. gr.

### Ábyrgð

- 3.1. IÐAN ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. IÐAN skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. IÐAN ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. IÐUNNI er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um sanningsveð nr. 75/1997.

## 4. gr.

### Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir IÐUNNI fyrir verkefni vegna sannings þessa samkvæmt sundurliðuðum reikningum og fara greiðslur eftir gjaldskrá í viðauka I með samningnum. Greiðslur taka mið af framlögum ríkisins til málaflokksins á fjárlagalið 02 319 1.15 Prófkostnaður, og geta að hámarki numið 65 m.kr. árið 2014. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka IÐUNNAR. Reikningum skulu fylgja listar yfir sveinsprófstaka og staðfesta námssamninga auk annarra upplýsinga sem ráðuneytið óskar eftir.
- 4.2. IÐAN ber öll útgjöld við framkvæmd verkefna samkvæmt samningnum, þar á meðal þóknanir og laun sveinsprófsnefnda, nemaleyfisnefnda og annarra prófnefnda. IÐAN semur um tilhögun greiðslna við hlutaðeigandi nefndir.
- 4.3. IÐAN skal halda gjöldum og tekjum vegna sannings þessa aðgreindum í fjárhagsbókhaldi sínu eftir því sem frekast er unnt.
- 4.4. IÐAN skilar ráðuneytinu:
  - 4.4.1. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok október ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
  - 4.4.2. Kostnaðargreiningu verkefna samkvæmt samningi þessum fyrri hluta samningstíma.
- 4.5. Eigi IÐAN í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslega tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.



## 5. gr.

### Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og IÐUNNAR funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar IÐAN ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. IÐAN skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. IÐAN veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning IÐUNNAR, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef IÐUNNAR jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. IÐAN setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hennar, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

## 6. gr.

### Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. IÐAN tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. gr.

### Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember 2014.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 5. febrúar 2014

  
F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
F.h. IÐUNNAR-fræðsluseturs ehf.